

**1992 nr. 13 30. mars****Lög um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands**

■ **1. gr.** Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eins og hún er ákvæðin í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

□ Erlendum skipum er óheimilt að vinna afla í efnahagslögsögu Íslands.

■ **2. gr.** [Fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.

b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.]<sup>1)</sup>

□ Til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands má aðeins hafa íslensk skip, en íslensk nefnast í lögum þessum þau skip sem skráð eru hér á landi.

<sup>1)</sup> L. 53/1996, 1. gr.

■ **3. gr.** Erlendum veiðiskipum er heimilt að landa eigin afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skipsins.

□ Þetta er þó ekki heimilt þegar um er að ræða veiðar úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu hafi íslensk stjórnvöld ekki gert samning um nýtingu viðkomandi stofns við stjórnvöld hlut-

aðeigandi ríkis. Sjávarútvegsráðherra er þó heimilt að víkja frá ákvæði þessarar málsgreinar þegar sérstaklega stendur á.

□ Erlendum veiðiskipum er ávallt heimilt að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

■ **4. gr.** Erlent veiðiskip, sem leitar hafnar á Íslandi, skal tilkynna Landhelgisgæslu Íslands fyrirætlun sína við komu inn í íslenska efnahagslögsögu. Jafnframt skal tilkynna Landhelgisgæslunni hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til hafnar.

□ Landhelgisgæslan skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um komu erlends fiskiskips sem ætla má að falli undir ákvæði 2. mgr. 3. gr.

■ **5. gr.** Með 1. gr. þessara laga eru ekki skert þau réttindi sem samkvæmt milliríkjasamningum eru veitt öðrum ríkjum.

■ **6. gr.** Með brot gegn ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga þessara skal farið samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. gr. þeirra laga. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . .

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. mgr. 2. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrr en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 53/1996, 2. gr.